

Ann María Andreassen

Frá: Heimir Örn Herbertsson <heimiroh@ru.is>
Sent: 20. júní 2017 16:20
Til: hrafnkell@ssh.is; ssh@ssh.is; USK Skipulag
Afrit: Nanna Viðarsdóttir; Þórólfur Jónsson hrl.; solveign@icelandtravel.is
Efni: Athugasemdir og mótmæli v. hugleiðinga um legu Borgarlínu

Til þess sem málið varðar.

Við íbúar við Einimel 1-7 viljum koma á framfæri athugasemdum og mótmælum vegna kynningar á hugsanlegri legu svokallaðrar Borgarlínu.

Í skýrslu sem ber heitið “Borgarlínan – Greining á bestu legu – Fasi 1” sem sýnist gefin út af Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og verkfræðistofunni Mannvit, dags. í mars 2015, segir í kafla 1.1.9 (leggur 9, Miðbær – Seltjarnarnes): “Skoða þarf nánar hvort hægt er að koma fyrir einnar akreinar akstursleið til að beintengja Neshaga og Ægissíðu samsíða göngustíg sem liggur sunnan lóða við Einimel 1-7.”

Það er að okkar mati fráleit hugmynd að til greina geti komið að leggja akbraut fyrir lest á göngustíg sem liggur meðfram gördum húsa okkar. Umræddur göngustígur er mikið notaður fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur og er einn fárra slíkra í Vesturbænum. Við enda hans í vestri er leikskólinn Ægisborg og stutt er þaðan yfir á íþróttasvæði KR. Börn og unglingar nota umræddan göngustíg mikið til að komast ferða sinna.

Þá blasir við að stórkostlegt ónæði mun hljóttast af því fyrir íbúa við Einimel ef akbraut fyrir lest verður troðið nánast í húsgarðana við lóðir okkar. Í kynningarefni fyrir Borgarlínu segir m.a. að “Borgarlínan mun ferðast í sérrými í gatnakerfi höfuðborgarsvæðisins með forgang á umferðarljósum sem eykur áreiðanleika og ferðahraða, þannig að ferðatími verði samkeppnishæfari við aðra ferðamáta. Tíðni ferða verður mikil og getur farið í 5-7 mínútur á annatímum en þar sem þörf er á meiri afkastagetu getur hún farið í um 2 mínútur.”

Augljóst er að lagning akstursleiðar um umræddan göngustíg mun valda verulegri verðyrnun á fasteignum við Einimel með tilheyrandi tjóni fyrir íbúa þar. Þá getur varla verið alvara á bakvið hugmyndir um að þröngva umræddri Borgarlínu útfyrir núverandi gatnakerfi og inn í gróið íbúðahverfi með tilheyrandi röskun fyrir íbúa þar og aðra vegfarendur.

Þeim hugleiðingum sem fram koma í framangreindri skýrslu er því hér með mótmælt og þess krafist að fallið verði alfarið frá þeim við frekari hönnun og útfærslu Borgarlínu.

Virðingarfyllt,
Sigrún I. Sigurðardóttir
Skarphéðinn Þórisson
Einimel 1

Sólveig Nikulásdóttir
Arnar Arnarsson
Einimel 3

Björg Melsted
Heimir Örn Herbertsson
Einimel 5

Nanna Viðarsdóttir
Þórólfur Jónsson
Einimel 7